

Hvar á að virkja?

Skaftá veitt í Tungnaá án viðkomu í Langasjó?



Hringferðinni utan um miðhálandi Íslands lýkur ofarlega í Hólmsá, við rætur Torfajökuls, þar sem ferðin hófst. **Ragnar Axelsson** og **Önnundur Páll Ragnarsson** rifja upp virkjunaráform í Hólmsánni og öðrum jökulám á Suðurlandi austanverðu þar sem nóg er af vatni en aðstæður til virkjanagerðar misgóðar.

Innan vébanda Skaftárhrepps eru nokkrir álitlegir virkjunarkostir. Aðalskipulag hreppsins er í endurskoðun og er að sögn rætt um hvort gera eigi ráð fyrir nýjum virkjunum í skipulaginu.

Djúpárvirkjun

Djúpá í Fljótshverfi var tekin til skoðunar í 1. áfanga rammaáætlunar og verður endurskoðuð í þeim síðari, og skipað í forgangsroð. T.a.m. skorti rannsóknir á náttúru- fari þá, sem nú er lokið. Eins og virkjunarmöguleikar í ánni voru

kynntir í 1. áfanga rammaáætlunar var gert ráð fyrir 75 MW afli og 500 GWst orku á ári.


Hverfisfljótsvirkjun

Stór virkjun í Hverfisfljóti er háð miðlunarlónum, enda sveiflast rennsli þess mjög mikið eftir árstíðum. Á sínum tíma voru slík miðlunarlón nánast afskrifuð því jarðlög á heppilegum stöðum voru mjög lek. Einkunnir voru þess vegna ekki gefnar. Sem stendur er fyrirhuguð smávirikjun í ánni, allt að 15 MW, í umhverfismati. Hún verð-

ur við Hnútu í landi Dalshöfða, með stöðvarhús í jaðri Eldhrauns, og er á vegum landeigenda sjálfra.

Skaftárveita

Ríkisstjórnin hefur tekið af skarið um að Skaftá verður ekki veitt í Tungnaá með Langasjó sem miðlunarlón. Það er ekki á dagskrá, en Landsvirkjun lét verkanna það árið 2003. Hún hefur hins vegar enn til skoðunar hvort veita megi ánni, eða a.m.k. einhverjum kvíslum hennar, í Tungnaá. Málið er á frumstigi, en athugað er hvort hægt sé



að gera þetta með göngum, framhjá Langasjó. Þá þyrfti uppistöðulón við jökulræturnar, sem Landsvirkjunarmenn nefna „Norðursjó“. Að sögn er ein helsta tæknilega hindrunin að lónið verði ekki nógu stórt til að ráða við hlaup.


Skaftárvirkjun neðri

RARIK og Landsvirkjun undirbúa sameiginlega rannsóknarleyfingisumsókn í Skaftá sjálfri. Frumhönnun á virkjuninni, frá 2005, liggur fyrir. Í henni verður gert ráð fyrir allt að 125MW afli og 757

GWst raforku á ári, sem er nokkuð minna en gert var ráð fyrir í 1. áfanga rammaáætlunar. Þá fékk virkjunin B í einkunn á öllum sviðum. Ekki er byrjað á umhverfismati. Þessu gæti fylgt um 10 ferklómetra lón við Hólaskjól.

Hólmsárvirkjun

RARIK og Landsvirkjun undirbúa líka sameiginlega umsókn vegna virkjunar í Hólmsá. Frumhönnun var gerð árið 2004 og gert ráð fyrir 72 MW og allt að 480 GWst á ári. Miðað við ákveðnar forsendur



Horft frá jökli til jökuls Skaftárveita um Langasjó er nú talin út af borðinu. Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er tekið fram að það eigi að tryggja að ekki verði snert við Langasjó í virkjanaskyni. Skat

113_{m³}

Meðalrennsli á hverri sekúndu í Skaftá í Skaftárdal

636_{m³}

Rennsli á hverri sekúndu í hámarki Skaftárhlaups 2006.



Mælifell Strútur er í baksýn, Hólmsárlón og Strútslaug handan hans.



Skaftáreldahraun Stærsta hraun úr einu gosi á sögulegum tíma á jörðinni.



Hlaup í Skaftárhlaupum verður tjón vegna aurburðar, veita gæti breytt því.



Djúpa Hugmyndir gera ráð fyrir lónum á Álftárdal og Vestri-Hvítárdal.



Morgunblaðið/Frikki

Lambhagafossar Erfitt er að gera lón í Hverfisfljóti vegna leka í jarölögum. Einkavirkjun við jaðar Eldhrauns, allt að 15 MW, er í umhverfismati



Morgunblaðið/Einar Falur

Hólmsá veiðimenn óttast hugmyndir um veitu Hólmsár til Tungufljóts, þar sem veiði er mikil. Vatnið í Tungufljóti er úr Skaftá, síað í gegnum hraun.



ftárhreppur hefur skipulagsvaldið.



Ketill Skaftá á upptök sín í Skaftárjökli. Vatn safnast fyrir. Þegar það ræsist fram hleypur áin og sigkatlar myndast í jöklinum. Þessu fylgir aurburður.